

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 15. september 2015 kl. 13-15.

Mættir

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrimsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Edda Kjartansdóttir, Jón Torfi Jónasson, Þórður Kristjánsson og Sólrún Harðardóttir.
Svanhildur M. Ólafsdóttir tilkynnti um forföll.

Fundarstaður

Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Umræðuefni

- Hlutverk, ábyrgð og skyldur
- Norræni fundurinn
- Frá síðasta fundi
- Fagráðsfundur 22. september

Hlutverk, ábyrgð, skyldur

Rætt var um úrvinnslu úr því efni sem við höfum sem eru svarbréf, kynningar og umræður á opna fundinum í lok ágúst. Sólrún lagði fram ramma sem hún taldi að gæti nýst við þá úrvinnslu (sjá urvinnslaA.docx). Rammi þessi var smíðaður út frá bréfinu sem sent var út til hagsmunaaðilanna og þeim spurningum sem lagt var upp með í umræðum á opna fundinum. Mikilvægt er að takmarka vel það sem fer inn í rammann. Hann á að auðvelda okkur í stefnumótunavinnunni og að fá yfirsýnina en þar þarf ekki að útlista, enda er það gert annars staðar. Skeytastíll ætti að duga. Út frá því sem fram kemur í ramma þess ætti að vera hægt að meta hvar fólk er samstíga og hvar þarf að ræða málin frekar til lausnar.

Fulltrúar í stýrihópi tóku að sér að fylla inn í rammann út frá ráðuneyti, sambandinu, háskólunum og Kennarasambandinu. Sólrún mun sameina og setja í eitt skjal og hún mun sérstaklega vinna með það sem kom fram í umræðum. Allt efni varðandi hlutverk, ábyrgð og skyldur er aðgengilegt hér: <http://starfsthroukennara.is/opinn-fundur-31-agust/>

Fólk var almennt ánægt með opna fundinn og taldi hann mikilvægan.

Norræni fundurinn

Vinna nefndarinnar gekk vel á fundinum sem haldinn var í Reykjavík 10. og 11. september. Fulltrúar fagráðsins (Aðalheiður, Ársæll, Jón Torfi, Þórður, Sólrún ásamt Guðnýju Helgu Gunnarsdóttur) hittu nefndina (ekki alveg fullskipaða) síðdegis seinni daginn. Fagráðið var dæmi um „good practice“ á Íslandi. Aðalheiður sagði frá fagráðinu á fundinum og síðan áttu sér stað umræður þar sem spurt var á báða bóga. Ljóst er að tilhögun er fjölbreytt á Norðurlöndunum og ekki endilega auðvelt að yfirfæra. Þessi hópur þykir verðmætur vettvangur fyrir fagráðið og það er æskilegt að fylgjast vel með hvað er að gerast á hinum Norðurlöndunum. Ríkið virðist hafa frumkvæði um að ákveða og velja verkefni til að leggja peninga í, t.d. í Noregi og Svíþjóð. Sveitarfélög virðast ekki koma mikið við sögu varðandi ákvarðanir og stefnu, en eru engu að síður til staðar á passífan hátt. Nokkuð var rætt um

dreifðar byggðir og fagmennsku. Fagráðsfólki þótti Íslendingar komnir lengra varðandi samráð og samstarf ólíkra aðila sem koma að menntun.

Til að fylgja eftir þótti áhugavert að setja niður nokkrar staðhæfingar eða svör við ákveðnum spurningum fyrir hönd landanna og kalla eftir kommentum / leiðréttingum frá fulltrúum viðkomandi landa. Jón Torfi mun skrifa upp það sem hann hefur í huga og senda á stýrihópinn.

Frá síðasta fundi

- **Upplýsingaveita**

Tekið var viðtal við Sólrúnu til birtingar í Skólavörðunni. Mikilvægt er að kynna upplýsingaveituna mikið á næstu vikum og er þetta liður í því.

- **Upplýsingatækni og starfsþróun**

- **Starfendarannsóknir**

Edda og Sólrún eru að koma á fundum með málsmetandi fólki varðandi þessi málefni. (Sjá fyrri umræðu.) Í þessu samhengi nefndi Aðalheiður að KÍ stæði fyrir opnum fundi með Kari Smith 3. nóvember (kl. 15.30-17) sem rétt er að auglýsa í fagráðinu (og á upplýsingaveitunni!). Þar verður fjallað um vettvangsnám á öllum skólastigum. AS lætur Sólrúnu vita þegar auglýsing er komin.

- **Kennaramenntun – vinnuhópur – næstu skref?**

Aðalheiður og Jón Torfi vinna að undirbúningi að stofnun vinnuhóps sem fjalla á um kennaramenntun og þurfa ögn meiri tíma. Fókusinn er á kennaramenntun sem heildstætt verkefni – ævimenntun. Þau stefna að því að útbúa ramma fyrir verkefnið upp á eina blaðsíðu sem yrði borin undir rýnihóp (starfandi kennara af öllum skólastigum) og síðan undir fagráðið. Fólk er meðvitað um að verkefnið megi ekki verða of stórt, en samt nógu góður grunnur fyrir fagráðið að standa á þegar það setur fram stefnu sína. Vilji er fyrir að horfa á menntun kennara sem ævimenntun.

Fagráðsfundur 22. september

Farið var yfir mögulega dagskrárliði næsta fagráðsfundar.

- Hlutverk, ábyrgð og skyldur
- Upplýsingatækni / starfendarannsóknir
- Norræni fundurinn
- **Umræða útfrá stefnumótunarramma**
- Menntamálastofnun

Nokkur umræða varð um það hvort rétt væri að fresta fundinum þar sem mörg mál væru í vinnslu og fundurinn yrði árangursríkari ef hægt væri að vinna þau lengra, einkum hlutverk, ábyrgð, skyldur (sjá framar í þessum minnisþingum). Meginþungi á næsta fagráðsfundi yrði á stefnumótunarrammann. Ákveðið var að halda fagráðsfund 6. október. Jafnframt var lagt til að aðrir fagráðsfundir yrðu tímasettir og rætt um þá tímasetningu á næsta fagráðsfundi. Lagt var til að halda fund í stýrihópi 29. september kl. 9.

Sólrún Harðardóttir tók punkta